

haldin námskeið um lestur og lestrarkennsluáferðir, list- og verkgreinar, félagsfærni og samskipti o.fl.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar tók þátt í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um stuðning „við skóla og kennara við að innleiða nýjar áherslur aðalnámskrár um námsmat með fræðslu um hæfniviðmið og prófagerð í því samhengi“ eins og stendur á heimasíðu verkefnisins (<http://ssh.menntamidja.is/namshaefnividmid/namshaefnividmid-og-profagerd/>). Haldnar voru vinnustofur á haustönn 2013 um leiðsagnarmat annars vegar og námshæfniviðmið og prófagerð í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hins vegar. Á vorönn 2014 var boðið upp á vinnusmiðjur um námsmat í list- og verkgreinum ásamt skólaiþróttum. Hverjum skóla var boðið að senda ákveðinn fjölda fulltrúa á vinnusmiðjurnar.

Skólastjórum og aðstoðarskólastjórum ásamt stýrihópum um innleiðingu aðalnámskrárinnar var á árunum 2013- 2014 boðið upp á námskeið sem grunnskólahluti fagskrifstofu stóð fyrir. Samtals voru haldnar sjö vinnulotur. Stundum voru skólastjórnendur saman og stýrihópum um innleiðinguna boðið á sérstök námskeið en á síðari stigum var skólastjórnendum og stýrihópum boðið að koma saman þar sem það var talið skila betri árangri að þessir hópar kæmu saman og hefðu möguleika á að nota loturnar til að vinna að undirbúningi innleiðingarinnar í sínum skólum.

Fyrsta lotan fólst í námskeiðsdegi í Hlöðunni í byrjun janúar 2013 þar sem sérfræðingar kynntu grunnþætti menntunar skv. nýrri aðalnámskrá og skólastjórar kynntust nokkrum leiðum til að vinna með grunnþætti menntunar í sínum skólum. Í apríl 2013 var fjallað um námsmat þar sem sérfræðingar frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu voru með innlegg um námsmat skv. nýrri aðalnámskrá og höfundur þemaheftis um námsmat fjallaði um hlutverk skólastjórnenda við innleiðingu breytinga á námsmati. 9. okt. 2013 var boðið upp á námskeið fyrir stýrihópa í grunnskólunum um breytingastjórnun og innleiðingu breytinga sem ný aðalnámskrá kallaði á. Nokkrir skólastjórnendur sóttu einnig þann hluta. Í lok árs 2013 var umfjöllun um námsmat og þær breytingar sem ný aðalnámskrá kallaði á. Sérstök umfjöllun var um lykilhæfni og hæfniviðmið aðalnámskrár og skólastjórnendur og stýrihópar kynntust leiðum til að vinna að gerð hæfniviðmiða í skólanámskrám út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Í byrjun janúar 2014 sagði Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar frá innleiðingu aðalnámskrár í grunnskólum bæjarins og deildi með skólastjórnendum sýnishornum af vinnu fræðsluþjónustunnar og skólastjórnenda við innleiðinguna. Síðar sama ár fjallaði Janus Guðlaugsson, lektor við HÍ, um hvernig hægt væri að yfirfæra hugmyndafræði og stefnu aðalnámskrár yfir í skólanámskrárvinnu og gaf dæmi um hvernig mætti spegla grunnþætti menntunar og móta hæfniviðmið í skólanámskrá í iþróttum. Einnig var fjallað um stefnu um skóla án aðgreiningar og tengsl stefnunnar við endurskoðun skólanámskráa. Samkvæmt tillögu frá samráði skólastjóra var ákveðið að í lok skólaársins 2013 – 2014 yrði e.k. stöðumat þar sem skólastjórar kynntu stöðu innleiðingarinnar í einstökum skólum eða hverfum. Öll gögn frá þessum námskeiðslofum